



Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík 20. okt. 2022

### ***Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði - lykilhættir***

Vísað er í skjal frá starfshópi um friðlýst svæði dags. 7. okt. 2022 í samráðsgátt.

Í skjalinu er fjallað um fjölmörg atriði sem hægt er að taka undir að verði skoðuð þó það varði ekki beina hagsmuni Reykjavíkur.

Innan Reykjavíkur eru nokkur friðlýst svæði, svæði á C hluta náttúruminjaskrár og auk þess er Reykjavík aðili að fólkvöngum með öðrum sveitarfélögum.

Friðlýsing kallar á að þeim gæðum sem er grundvöllur friðlýsingar sé við haldið og innviðir bættir. Reykjavíkurborg hefur ekki haft aðgengi að framkvæmdasjóðum því reglur hafa fallið illa að friðlýstu svæðunum í og við þéttbýlið. Þó hefur Umhverfisstofnun iðulega sett svæði á rauðan eða appelsínugulan lista. Rekstur friðlýstra svæða og gerð innviða hefur því verið á höndum borgarinnar.

Reykjavík er aðili að tveimur fólkvöngum með öðrum sveitarfélögum og þar er álag vegna ferðamanna og væri þörf á meiri innviðaupbyggingu og aukinni landvörslu og rekstri.

Stjórn Reykjanesfólkvangs hefur ítrekað óskað eftir því að vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn verði sett af stað og lagt til ýmsa undirbúningsvinnu. Því er hægt að taka undir að gera þurfi átak í þessum efnum.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar,

Þórólfur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða